



## INNKAUPAREGLUR BLÁSKÓGABYGGÐAR

### 1. gr.

#### Tilgangur

Tilgangur með reglum þessum er að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Bláskógabyggð kaupir.

Reglum þessum er ætlað að vera lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir lög um opinber innkaup eða lögin) til fyllingar og útfæra nánar framkvæmd innkaupa hjá sveitarfélaginu.

### 2. gr.

#### Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir allar stofnanir og deildir sem reknar eru af Bláskógabyggð. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins, samtaka eða samlaga sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup geti gilt um þau.

Reglurnar taka til allra innkaupa sveitarfélagsins. Við innkaup skal enn fremur fylgt lögum um opinber innkaup sem og öðrum lögum og reglugerðum sem kunna að vera settar og ná til sveitarfélaga.

### 3. gr.

#### Samningar sem innkaupareglurnar taka til

Innkaupareglur þessar taka til samninga um fjárhagslegt endurgjald sem sveitarfélagið gerir við einn eða fleiri utanaðkomandi aðila og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup.

### 4. gr.

#### Samningar undanþegnir ákvæðum innkaupareglanna

Innkaupareglur þessar taka ekki til samninga sem tilgreindir eru í 11. gr. laga um opinber innkaup og samninga milli opinberra aðila á grundvelli 13. gr. sömu laga.

### 5. gr.

#### Ábyrgð á innkaupum

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og ber ábyrgð á innkaupum Bláskógabyggðar. Sveitarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Sviðsstjórum og skólastjórum leik- og grunnskóla er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Heimilt er sviðsstjórum að fela forstöðumönnum að sjá um innkaup fyrir stofnanir sem þeir stýra. Öllum sem heimild



hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup.

#### **6. gr.**

##### **Stuðningur, eftirfylgni og samræming innkaupa**

Sviðsstjórar skulu fylgjast með innkaupum, hver á sínu sviði og vera forstöðumönnum til aðstoðar við innkaup og framfylgd innkaupareglna. Þeir skulu stuðla að og fylgjast með samræmingu innkaupa á vegum stofnana sveitarfélagsins eins og kostur er.

#### **7. gr.**

##### **Undirbúningur og verklag við innkaup**

Áður en ákvörðun er tekin um innkaup, útboð undirbúið eða samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal greina þörfina fyrir innkaup. Mikilvægt er að það sé gert í samráði við væntanlega notendur og jafnframt íhugað hvort þörfin verði uppfyllt eftir öðrum leiðum, s.s. með breyttu vinnulagi, endurnýtingu, þjónustu eða á annan hátt.

Skilgreina skal vel það sem á að kaupa. Þar sem seljendum er gefið svigrúm til að útvega vöru eða þjónustu, eða til að framkvæma verk, skulu þarfir sveitarfélagsins skilgreindar nákvæmlega og þau skilyrði sem vara, verk eða þjónusta á að uppfylla. Setja skal fram forsendur um gæði, umhverfisáhrif og vistferilskostnað eins og kostur er.

Þeir starfsmenn sem annast innkaup af hálfu Bláskógabyggðar skulu tryggja að með öllum innkaupum fylgi greinargóðar skýringar og upplýsingar um innkaupin til seljanda vöru eða þjónustu. Við innkaup og innkaupapöntun skal tilgreina hver pantar, hvaða deild eða stofnun viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir og önnur þau atriði sem máli skipta.

#### **8. gr.**

##### **Aðferðir við innkaup**

Áður en ákvörðun er tekin innkaupaaðferð og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra, sbr. einnig önnur ákvæði reglna þessara.

Við innkaup samkvæmt reglum þessum skal einkum nota eftirfarandi aðferðir:

- Rammasamninga
- Verðfyrirspurn
- Almenn útboð

Að höfðu samráði við sveitarstjóra er heimilt að viðhafa aðrar innkaupaaðferðir sem lýst er í IV. kafla laga um opinber innkaup sé það talið líklegra til árangurs.

#### **9. gr.**

##### **Viðmiðunarfjárhæðir**

Við innkaup Bláskógabyggðar gilda viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup og breytingar sem gerðar verða á viðmiðunarfjárhæðum í samræmi við vísitölubreytingar



og auglýstar eru opinberlega af fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. einnig nánari ákvæði reglna þessara.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna innkaupa á opinberum þjónustusamningum um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu skv. 4. gr. reglna þessara, sbr. VIII. kafla laga um opinber innkaup, eru birtar í reglugerð settri af fjármála- og efnahagsráðherra í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

## **10. gr.**

### ***Viðmiðunarfjárhæðir vegna verðfyrirspurna***

Gera skal formlega fyrirspurn um verð, önnur kjör og eiginleika, þegar áætluð fjárhæð innkaupa að meðtöldum virðisaukaskatti er undir viðmiðunarfjárhæðum í samræmi við vísitölubreytingar og auglýstar\* eru opinberlega af fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. einnig nánari ákvæði reglna þessara.

Sé áætluð fjárhæð innkaupa vegna vöru- og þjónustusamninga að meðtöldum virðisaukaskatti lægri en ein milljón króna er þó ekki skylt að gera formlega verðfyrirspurn.

Sé áætluð fjárhæð innkaupa vegna verksamninga að meðtöldum virðisaukaskatti lægri en 15,5 milljónir króna er þó ekki skylt að gera formlega verðfyrirspurn.

Heimilt er að viðhafa önnur innkaupaferli í þeim undantekningartilvikum sem reglurnar greina.

Fyrirspurn er viðhöfð þegar útboð er ekki talið eiga við til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni.

Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Sveitarfélaginu er heimilt að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir í tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman.

Tilboð skulu opnuð á tilsettum tíma og þau skráð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði.

## **11. gr.**

### **Útreikningur á virði samninga og skipting innkaupa**

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal fara eftir III. kafla laga um opinber innkaup.



Mikilvægt er við útreikning að tekið sé tillit til áætlaðra heildarfjárhæðar innkaupa allra sviða, deilda eða stofnana sveitarfélagsins, nema þær beri sjálfstæða ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum tegundum þeirra.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send til opinberrar birtingar eða þegar sveitarfélagið hefst handa við innkaupaferli við þær aðstæður að ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

### **12. gr.**

#### **Undantekningar frá fyrirspurn og útboði**

Sveitarstjóra er heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila. Skulu slíkar undanþágur vera í samræmi við lög um opinber innkaup.

### **13. gr.**

#### **Meðferð reikninga vegna innkaupa**

Allir samningar um innkaup á verkum, vöru og þjónustu skulu vera skriflegir og skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun.

### **14. gr.**

#### **Hæfis- og siðareglur**

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta að almennum hæfis- og siðareglum er gilda um starfsemi sveitarfélagsins.

Ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins um hæfi gilda um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt innkaupareglum þessum.

### **15. gr.**

#### **Tengdir aðilar**

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk ædstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 19. gr. um hæfis- og siðareglur.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber sveitarstjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

### **16. gr.**

#### **Trúnaðarskylda**

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu



og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna sveitarfélagsins og stofnana þess, eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

**17. gr.**

**Kærur og kvartanir**

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup getur aðili borið fram kæru í samræmi við XI. kafla laga um opinber innkaup.

**18. gr.**

**Gildistaka**

Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Bláskógabyggðar og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi innkaupareglur sem samþykktar voru af sveitarstjórn 7. febrúar 2013.

Reykholti, 16. apríl 2020

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

**\* Viðmiðunarfjárhæðir**

Viðmiðunarfjárhæðir eru fjárhæðir sem ákvarða hvenær innkaup eru útboðsskyld og hvenær ekki.

Fjárhæðirnar koma fram í [23. gr. OIL](#) og getur ráðherra breytt fjárhæðum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs og skal það þá gert með hæfilegum fyrirvara. Viðmiðunarfjárhæðirnar eru allar án virðisaukaskatts. Nánari reglur um viðmiðunarfjárhæðir og þá sérstaklega um viðmiðunarfjárhæð vegna útboðsskyldu á EES-svæðinu má finna í [reglugerð 178/2018](#).

Þegar innkaup eru undir viðmiðunarfjárhæðum hafa aðilar val um innkaupaaðferð en sé upphæðin yfir viðmiðunarfjárhæðum myndast útboðsskylda. Að auki eru sérstakar viðmiðunarfjárhæðir um hvenær innkaup eru útboðsskyld á EES-svæðinu en þá þarf að framfylgja strangari reglum um útboð og innkaup en gilda um útboðsskyldu innanlands.



Tegund	Ekki útboðsskyld	Útboðsskyld innanlands	Útboðsskyld á EES-svæðinu
Vöru og þjónustukaup	0 - 15.500.000 kr.	15.500.001 – 28.752.099 kr.	28.752.100 kr. og yfir
Verkframkvæmdir	0 – 49.000.000 kr.	49.000.001 – 721.794.799 kr.	721.794.800 kr. og yfir
Þjónustusamningar um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu			97.575.000 kr. og yfir

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.